

Fundargerð

Almennur fundur fyrir Húsfélagið Strikið 2 til 12.

Fundurinn var haldinn í samkomusalnum Jónshúsi, 5. apríl 2018 og hófst kl 18:00

Eftirtaldir sátu fundinn:

Fundinn sátu auk stjórnar 50 eigendur eða fulltrúar þeirra samkvæmt mætingarskrá.

Stjórnarmenn sem mættu voru Friðrik Viðar Þórðarson formaður hússtjórnar, Jón Gunnlaugsson ritari, Kristín Jónína Halldórsdóttir, Guðrún Kolbrún Thomas, Hafsteinn Guðbjörnsson, Hallfríður Hrólfsdóttir, Sigurður B. Ásgeirsson og Gunnar H. B. Gunnlaugsson húsvörður.

Eftirfarandi kom fram á fundinum:

1. Friðrik formaður stjórnar setti fundinn og lýsti hann löglegan enda boðað til hans með eðlilegum fyrirvara. Friðrik stjórnar furdinum sjálfur og Jón Gunnlaugsson ritar fundargerð.
2. Friðrik gerði grein fyrir helstu verkefnum sem unnið hefur verið að síðan stjórnin tók við á síðasta aðalfundi félagsins. Nýr húsvörður var ráðinn, Gunnar H. B. Gunnlaugsson sem þið þekkið flest.
Samið var við Securitas um uppgjör reikninga, felldur var niður kostnaður uppá 1,3 milljónir króna.
Samið var við Mílu um uppgjör reikninga við rafverktaka vegna viðgerða á dyrasímum. Míla tók á sig helming kostnaðar vegna viðgerðanna eða tæplega 200.000 kr. Kristinn fyrrverandi gjaldkeri veitti okkur dyggilegan stuðning við bæði þessi mál og fyrir það þökkum við honum.
Lokið hefur verið við að mála í stigahúsum 2 og 4 í samræmi við samþykktir síðasta aðalfundar.
Gera þurfti við lyftu í nr. 4 og salurinn okkar var málaður auk þess sem smærri verk hafa fallið til. Framundan liggur fyrir að laga sorpgeymslur, þær eru í misjöfnu ástandi. Geymslan í nr. 8 er sýnu verst og aðkallandi að laga. Fleira mætti nefna en læt hér staðar numið.
3. Friðrik gerði grein fyrir því að dælur í brunnum kringum hús eru bilaðar og þarf að skipta um þær auk annars búnaðar sem þarfnast lagfæringar. Um er að ræða 5 brunna og eru tvær dælur í hverjum brunni. Það tekur tvo menn um einn dag að laga hvern brunn. Dælur kosta um kr. 200.000 stykkið og áætlað er að hver brunnur muni kosta um kr. 700.000. Samtals er reiknað með að kostnaður geti farið í um kr. 4.000.000. Við eigum í sjóði fyrir þessum kostnaði svo ekki verður um hækkun gjalda vegna framkvæmdanna. Þar sem hér er um að ræða kostnaðarsama aðgerð þótti rétt og skylt að halda almennan húsfund um málið.

Friðrik lagði fyrir fundinn tillögu um að farið yrði í viðgerðir á brunnum samkvæmt greinargerð. Nokkur umræða var um tillöguna sem síðan var samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

4. Orðið var gefið frjálst .

Björn Halldórsson spurði um líftíma á dælum og búnaði í brunnum. Fram kom að hann getur verið um 10 ár eða lengur sé hugsað vel um hann með fyrirbyggjandi viðhaldi.

Einar Kristinsson spurði Kristinn um dælubíl sem fengin var fyrir nokkrum árum og hvort hann hefði getað skemmt búnaðinn. Kristinn sagði að það hefðu verið aðrir brunnar og ekkert haft með þetta að gera. Jafnframt kom fram að BYGG hefði ekki sagt frá að það þyrfti að fylgjast með þessu sérstaklega.

Magnús Stefánsson Byggingaverktaki sagði að það væri mjög gott að þetta verkefni væri tekið föstum tókum.

Einar Kristinsson kom með nokkrar ábendingar og fyrirspurnir sem Friðrik svaraði.

Rannveig minntist á að ekki væri búið að mála uppgang í nr 4. Friðrik upplýsti að þetta væri ekki komið á dagskrá en yrði tekið inn á áætlun.

Fleira ekki tekið fyrir á fundinum, fundargerðin lesin upp
og samþykkt af fundarmönnum og fundinum slitið kl. 19:15 JG

Tillaga stjórnarinnar, sem greidd voru atkvæði um og sem kynnt var í fundarboði og lesin upp á fundinum, áður en atkvæðagreiðslan fór fram var svohljóðandi:

Stjórn húsfélagsins leggur til að farið verði strax í viðgerð og lagfæringar á brunnum umhverfis húsin 2-12 með endurnýjun búnaðar brunnanna og til að tryggja að brunnakerfið virki eins og til er ætlast. Jafnframt að samið verði við þjónustuaðila um reglubundið eftirlit með brunnunum til að tryggja virkni þeirra og endingu búnaðarins.

